

Formáli og þakkir

Þessi ritgerð er lokaverkefni til fullnaðar B.Ed.-gráðu í íþrótt og heilsufræðum við Háskóla Íslands. Vægi ritgerðarinnar er 10 einingar. Rannsóknin fjallar um hvort fötluð börn á grunnskólaaldri fái almenna sundkennslu eins og lög segja til um.

Leiðbeinandi minn er Hafþór B. Guðmundsson, lektor við Háskóla Íslands, og fær hann miklar þakkir fyrir góða leiðsögn. Hann setti sig vel inn í efni rannsóknarinnar og reyndi eftir bestu getu að aðstoða mig við hugmyndir að heimildum og fleira. Einnig vil ég þakka þeim þátttakendum sem tóku þátt í rannsókninni. Agnes Björk Helgadóttir, Ósk Hauksdóttir og Þóra Marý Arnórsdóttir fá þakkir fyrir yfirlestur ritgerðarinnar. Berglind Helgadóttir og Rúnar Már Jónatansson fá miklar þakkir fyrir Excel hjálp. Einnig fá Ingi Þór Einarsson og Jóhann Arnarsson þakkir fyrir aðstoðina. Mig langar að þakka Sigurði Ottó Kristinssyni unnusta mínum og fjölskyldu minni fyrir dyggan stuðning í gegnum námið og hjálp á meðan á skrifum stóð.

Ágrip

Í þessari rannsóknarritgerð er kannaður aðbúnaður og kennsla fatlaðra barna í skólasundi á grunnskólastigi.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort að fötluð börn á grunnskólaaldri fái almennt kennslu í skólasundi eins og lög gera ráð fyrir. Í fjölda ára hafa fatlaði einstaklingar staðið höllum fæti í samfélaginu hvað varðar þjónustu. Miklar framfarir hafa þó orðið hvað þetta varðar en það má alltaf gera betur. Mikilvægt er að hjálpa fötluðum einstaklingum að efla sjálfstraust sitt svo að þau komist áfram í samfélaginu sem sjálfstæðir einstaklingar. Öll börn eiga heima í almennum skólum en hafa þó mismikla þörf fyrir þjónustu. Til að ná fram þessu markmiði voru sendir út 25 spurningalistar til sundkennara víðsvegar um landið. Svörunin hefði mátt vera meiri og kom meðal annars fram að ákveðnir skólastjórnendur gáfu ekki leyfi fyrir því að spurningalistar yrðu lagðir fram við sundkennara skólans. Vekur það upp ákveðnar spurningar.

Spurt var hvort öll fötluð börn fái sundkennslu í sínum skóla og ef svo er ekki hvaða fötlun það barn glímir við sem ekki fær sundkennslu. Einnig voru sundkennarar spurðir út í þekkingu sínu til kennslu fatlaðra barna og aðstöðu sundlauganna. Þeir voru einnig spurðir út í álit þeirra á stuðningi skólastjórnenda skólanna til sundkennslu fatlaðra barna. Komið var aðeins inn á kennsluáferð og árangur fatlaðra barna í skólasundi, en spurningalistann má sjá í heild sinni í viðauka þrjú.

Helstu niðurstöður sýna að flest barnanna sem sundkennarar voru spurðir um voru greind með ADHD en þau voru einnig þeir einstaklingar sem ekki fengu lögbundna sundkennslu 1 sinni í viku. 43% sundkennaranna töldu þekkingu sína til kennslu fatlaðra barna aðeins í meðallagi en á móti kom að 43% töldu þekkingu sína vera góða til mjög góða. 14% töldu hana mjög slæma. Aðstaða til sundkennslu fatlaðra barna var talin vera í meðallagi í 45% tilvika og góð til mjög góð í 44% tilvika, 11% töldu aðstöðuna mjög slæma. Stuðningur skólastjórnenda reyndist vera almennt góður eða 89% meðal til mjög mikill stuðningur.

Í ritgerðinni er fjallað um hvað fötlun er, farið er yfir ýmsar fatlanir og af hverju hreyfing í vatni er góð fyrir börn með þær fatlanir sem rætt er um. Farið er yfir aðgengi fatlaðra barna í sundlaugum og fjallað er um skólastefnuna *Skóli án aðgreiningar* sem mikið hefur verið í umræðunni hjá fjölmiðlum síðustu vikur og mánuði.

Abstract

In this research essay I looked at whether disabled children are receiving swimming teaching according to the Icelandic Elementary school curriculum. I also examine whether the swimming pools are equipped in accordance with needs of disabled students. For many years disabled individuals have not been receiving proper services from the community when it comes to being independent person. Some positive progress has been made in this area in the last few years but we can always do better. Disabled individuals should be able to function in society as independent individuals and for them to do so it is important to assist them in strengthening their level of confidence.

All children have the right to attend public schools, even though they require different level of assistance, and all children should have a right to a proper swim lessons, despite their disability. Children in the elementary school system spend most of their day at school and it is the responsibility of the teachers to make sure that they get a proper education and service, disabled or not.

This essay will examine what kind of swimming teaching is available for disabled children, whether all schools are fulfilling their obligations toward swimming teaching. To examine some of those questions, a questionnaire was sent out to 25 elementary schools, to be answered by the swimming teachers. Couple of school principals did not authorise the questionnaire to be distributed, which makes you wonder what is going on in those schools.

The main findings show that a large part of children with special needs were diagnosed with ADHD. Most of the children who did not get proper teaching had been diagnosed with this disability. Only 43% of the teachers teaching disabled children felt they had an average knowledge to handle these special children. Similar numbers of the teachers felt they were average to well prepared to teach these groups of individuals. Almost half of the teachers felt their facility was average to good for teaching disabled children and similar number of teacher felt the facilities to be good to very good facilities. In the research essay some introduction will be given on different disabilities and the way swimming can help in progressing and strengthening the children. Accessibility in swimming pools is also of interest as the author predicts that accessibility could be much better for teaching disabled children of all kinds.

Efnisyfirlit

Formáli og þakkir	2
Ágrip.....	3
Abstract	4
Töflu og myndayfirlit	7
1 Inngangur	8
1.1 Rannsóknaspurningar og tilgátur.....	9
2 Fræðileg umfjöllun.....	10
2.1 Hvað er fötlun.....	10
2.1.1 Einhverfa.....	11
2.1.2 Hrygggrauf.....	11
2.1.3 Heilalömun.....	12
2.1.4 Downs	12
2.1.5 Þroskahömlun	12
2.1.6 ADHD	13
2.2 Kostir sunds og vatns.....	14
2.2.1 Sund	14
2.2.2 Halliwickaðferðin	15
2.3 Aðgengi fatlaðra	18
2.4 Skóli án aðgreiningar.....	18
2.5 Lærði að ganga í sundi.....	19
3 Aðferðafræði	20
3.1 Rannsóknaraðferð.....	20
3.2 Þýði og úrtak.....	21
3.3 Gagnasöfnun.....	21
3.4 Úrvinnsla	22
4.0 Niðurstöður.....	23

4.1 Persónuupplýsingar	23
4.2 Börn og fatlanir.....	24
4.3 Þekking og aðstaða	27
4.4 Stuðningur	28
4.5 Kennsluaðferðir og árangur	28
4.6 Bakgrunnur	31
4.7 Námsfni eða námskeið.....	32
5.0 Umræður.....	33
6.0 Lokaorð	35
7.0 Heimildaskrá	37
8.0 Viðaukar	39
8.1 Viðauki 1 - Viðtal	39
8.2 Viðauki 2 – Bréf til íþróttakennara.....	41
8.3 Viðauki 3 – Spurningalistinn.....	42

Töflu og myndayfirlit

Tafla 1	15
Mynd 1 sýnir kynjahlutfall þátttakenda.....	23
Mynd 2 sýnir menntun þeirra íþróttakennara sem tóku þátt.	23
Mynd 3 sýnir starfsaldur íþróttakennaranna.....	24
Mynd 4 sýnir þá skóla þar sem fötluð börn stunda nám	24
Mynd 6 sýnir okkur hvort að fötluð börn fái lögbundna sundkennslu.....	25
Mynd 7 sýnir fötlun þeirra barna sem ekki fá sundkennslu 1 x í viku.....	26
Mynd 8 sýnir þekkingu íþróttakennara til sundkennslu fatlaðra barna	27
Mynd 9 sýnir aðstöðu til sundkennslu fatlaðrabarna.....	27
Mynd 10 sýnir stuðning skólustjórnenda á skólasundi fatlaðra barna.....	28
Mynd 11 sýnir hvernig íþróttakennarar telji að best sé að kenna fötluðu barni skólasund.....	28
Mynd 12 sýnir hvort að íþróttakennarar telji að fötluð börn geti náð árangri með skólasundi	29
Mynd 13 sýnir hvort að það hafi áhrif á hin börnin ef að fatlað barn er með í almennri sundkennslu.....	29
Mynd 14 sýnir hvort að íþróttakennari hafi stuðning með sér við kennslu hjá fötluðu barni í skólasundi.....	30
Mynd 15 sýnir bakgrunn íþróttakennara hvað sundkennslu fatlaðra barna varðar	31
Mynd 16. sýnir hvort að íþróttakennarar myndu nýta sér námsefni til að bæta þekkingu sína á sundkennslu fatlaðra barna.....	32
Mynd 17 sýnir hvort að íþróttakennarar myndu nýta sér námsskeið til að bæta þekkingu sína á sundkennslu fatlaðra barna.....	32

1 Inngangur

Eðlilegt líf og samfélagsþátttaka er sú stefna sem Ísland fylgir hvað varðar málefni fatlaðra. Allir eiga því rétt á að mennta sig og ganga í skóla. Mjög umdeilt hefur verið hvort fötluð börn eigi að ganga í skóla með ófötluðum börnum og hvað þá að stunda með þeim íþróttir. Sund er frábær hreyfing fyrir börn með líkamlega fötlun. Tilfinningin fyrir því að vera þyngdarlaus og að eiga auðveldara með hreyfingar er spennandi. Þyngdarleysið gefur þeim frelsistilfinningu í vatninu¹. Mörg börn með fötlun njóta góðs af sundi þar sem sund hjálpar börnunum að auka samhæfingu og bætir fínhyfingar. Sundkennsla fatlaðra barna er lögbundin hér á landi og hefur verið það í mörg ár². Í dag er það félagslegt viðhorf gangvart fötlun sem ríkir í samfélaginu. Félagslegar hindrar, eins og lélégt aðgengi, neikvætt viðhorf og fordómar, er það sem takmarkar líf fatlaðra einstaklinga. Fólk með fötlun er fyrst og fremst einstaklingar eins og ég og þú. Samfélagið hefur hins vegar takmarkað getu þeirra til að athafna sig í daglegu lífi og það hefur ekkert með almennt heilbrigði og heilsufar að gera³.

Sundkennsla fatlaðra barna er krefjandi en er einnig gefandi og skemmtileg. Í þessari rannsókn verður fjallað um ýmis konar fatlanir sem börn og fullorðnir glíma við. Ég mun einnig fjalla um hvort börn á grunnskóla aldri, fötluð og ófötluð fái lögbundna sundkennslu. Hvernig aðgengi fatlaðra barna sé að sundkennslu og hvaða þekkingu íþróttakennarar hafa með tilliti til kennslu þeirra. Kostir sunds og vatns fyrir hreyfingu og styrkingu fatlaðra barna verða einnig til umfjöllunar.

Í umfjöllun minni er sagt frá ungum dreng sem er með heilalömun og hafði ekki lært að ganga fyrr en hann kynntist sundi og kosti þess að hreyfa sig í vatni. Farið er inn á skólastefnuna *Skóli á aðgreiningar* sem gengur út á það að menntun er sjálfsagður hlutur fyrir alla, og að hver og einn nemandi eigi að fá að þroskast og njóta sín í leik og starfi. Áður fyrr voru í gildi sérstök lög um nemendur með sérþarfir, en þessi stefna varð til þess að nú ganga sömu lög yfir alla nemendur.

Öll börn eiga rétt á sundkennslu óháð því hvort þau séu með fötlun eða ekki. Þar sem börn á grunnskólaaldri eyða meiri hluta af deginum í skólanum þá er það hlutverk okkar sem kennara að gæta þess að þau fái almenna menntun og hljóti sömu þjónustu og ófötluð börn

1.1 Rannsóknaspurningar og tilgátur

Í byrjun rannsóknarinnar kom upp rannsóknarspurningin **Hverjir eru möguleikar fatlaðra barna til sundkennslu?** Þegar byrjað var að vinna við rannsóknina komu upp þrjár viðbótarrannsóknarspurningar en ég notaði þær til stuðnings við rannsóknarspurninguna mína. Þær eru:

- Hvert er aðgengi fatlaðra barna til sundkennslu?
- Hver er þekking sundkennara á þörfum fatlaðra barna til sundkennslu?
- Hver er aðstaða fatlaðra barna til skólasunds?

Aðaltilgáturnar sem unnið var með við gerð rannsóknarinnar voru að fötluð börn fá ekki þá sundkennslu sem þeim ber að fá og að aðstæður til sundkennslu fatlaðra barna séu ekki fullnægjandi.

Ástæðan fyrir vali mínu á þessu viðfangsefni er sú að ég hef unnið með fötluðum börnum og hef áhuga á að kanna hvort að farið sé að lögum varðandi sundkennslu fatlaðra barna. En þau eiga að hafa sama rétt og ófötluð börn.

2 Fræðileg umfjöllun

Samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fólks með fötlun, segir að „fatlaðir séu ekki útilokaðir frá hinu almenna menntakerfi sökum fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi, eða námi á framhaldsskólastigi, sökum fötlunar“⁴.

2.1 Hvað er fötlun

Hugtakið fötlun er alltaf í stöðugri þróun og ólíklegt er að nokkurn tíma muni liggja fyrir endanleg skilgreining á hugtakinu. Nauðsynlegt er að athuga vel hvað felst í því að vera fatlaður þegar talað er um réttarstöðu fatlaðra. Skilgreining á hugtakinu er mikilvæg, því á henni byggjast þau sérréttindi sem að fatlaðir einstaklingar njóta. Hér á Íslandi hefur aðallega verið stuðst við læknisfræðilegu skilgreininguna á fötlun. Fatlaður einstaklingur er, samkvæmt lögnum um málefni fatlaðra, sá sem þarf á sérstakri þjónustu eða stuðning að halda. Sameinuðu þjóðirnar skilgreina fötlun sem: „samansafn mismunandi takmarkanna sem há fólki um allan heim“⁴. Fötlun getur verið afar mismunandi og misalvarleg en yfirleitt er talað um þrjá flokka. Hún er ýmist andleg, líkamleg eða vitsmunaleg. Í raun má því segja að skilgreining Sameinuðu þjóðanna byggi á því að fötlunin sé fólgin í einstaklingnum en ekki í umhverfi hans. Réttindi fatlaðra eru tryggð í stjórnarskránni, almennum lögum og í fjölmörgum alþjóðasamningum og yfirlýsingum sem Ísland er aðili að⁵. Fötlun hefur verið skilgreind á marga vegu og er þá yfirleitt talað um tvær nálganir að hugtakinu, félagslega og læknisfræðileg nálgun. Læknisfræðilega nálgunin felur í sér að fötlunin sjálf sé rót alls vanda sem einstaklingurinn glímir við og sé persónulegur harmleikur hans. Þetta viðhorf hefur verið ríkjandi í hugum manna síðan á 20. öldinni. Í nútímasamfélagi hefur viðhorfið gagnvart fötlun breyst og það eru félagslegar hindranir sem takmarka líf fatlaðra einstaklinga.

Fatlaðir einstaklingar eiga ekki að þurfa að aðlaga sig að umhverfinu heldur á að aðlaga umhverfið að þeim. Það er því hlutverk skólastjórnenda að gera börnum með fötlun kleift að stunda skólasund líkt og ófatlaðir jafnaldrar þeirra gera hvort sem það feli í sér að bæta aðgengi, breyta um viðhorf eða hvoru tveggja⁶.

Á næstu síðum í þessum kafla verður gerð stutt grein fyrir helstu fötlunum sem tengjast viðfangsefni ritgerðarinnar.

2.1.1 Einhverfa

Einhverfa er samsafn einkenna sem tengjast truflun á taugaþroska. Einhverfuróf er einnig til. Einhverfuróf er meðal annarra ódæmigerð einhverfa og Aspergerheilkenni og tilheyra þær flokki raskanna sem kallast gagntækar þroskaraskanir. Raskanir á einhverfurófinu greinist oftast hjá börnum á leikskólaaldri eftir að foreldrar eða aðrir sem umgangast þau verða varir við að hegðun þeirra er frábrugðin hegðun jafnaldra þeirra⁷.

Sund hefur augljósan líkamlegan, andlegan og félagslegan ávinning í för með sér fyrir alla en fyrir einstakling með einhverfu gefur sund umhverfið tækifæri til þess að ná líkamlegri og sálrænni færni með óþarfa álag á líkamann. Aðlögun barna með einhverfu í sundkennslu er bæði gefandi og krefjandi. Sundkennarinn verður að þekkja hlutverk sitt, en það er að þróa kennsluaðferð til að hjálpa barninu að ná árangri í sundi og innleiða mismunandi kennsluaðferðir til að aðstoða barnið að ná markmiðum sínum⁸. Öryggi í vatninu er sérstaklega mikilvægt fyrir börn með einhverfu⁹.

2.1.2 Hrygggrauf

Hrygggrauf er fæðingargalli í taugakerfinu og lýsir sér þannig að lykkja myndast á mænuna. Lykkjan getur stundum náð vel út fyrir hrygginn og í flestum tilfellum sést greinilegur hnúður á baki barnanna sem fæðast með þennan galla. Börn með hrygggrauf eru oft seinni til að læra að ganga en önnur börn og sum þeirra læra einungis að ganga með stuðningi (til dæmis spelkum) og nota að mestu hjólastól. Afbrigðilegur þroski vöðva og beina sem og seinkaður hreyfiþroski eru dæmi um fylgiraskanir barna með hrygggrauf¹⁰.

Börn með hrygggrauf eru oft ofvernduð og taka því ekki almennilega á því í íþróttum. Ekkert er því til fyrirstöðu að börn með hrygggrauf taki þátt í íþróttum með ófötluðum börnum. Mikilvægt er að þegar valin er íþrótt fyrir barn með hrygggrauf er að það fái að nýta styrkleika sína til að efla sitt líkamlega form. Börn með hrygggrauf nýta styrkleika sína vel í vatni en þar eiga þau einnig auðveldara með hreyfingar^{10,11}.

2.1.3 Heilalömun

Heilalömun er algengasta tegund hreyfihömlunar meðal barna. Heilalömun er ekki lýst sem sjúkdóm heldur frekar sem ástandi sem ekki er lækning við¹². Félag CP á Íslandi segja að sumir einstaklingar með heilalömun (CP) hreyfi sig og þroskist næstum eðlilega á meðan aðrir þarfnist aðstoðar við nánast allar athafnir daglegs lífs. Þessari fötlun geta fylgt alvarlegar viðbótarfatlanir eins og til dæmis flogaveiki og greindarskerðing¹³.

Sund er ákjósanleg hreyfing fyrir börn með CP. Volgt vatnið losar um vöðvaspennuna og styður við fulla líkamsþyngd barnsins. Börn með CP hafa því meira frelsi í vatninu en annars staðar. Því frjálssari sem börnin ná að vera í vatninu því betur ná þau að byggja upp vöðva og bein. Margar sundæfingar byggja einnig upp styrk, hreyfifærni, samhæfingu og hjálpa til við að ná eðlilegri öndun auk þess styður vatnið við skynfærin¹⁴.

2.1.4 Downs

Downs heilkenni er litningagalli af völdum „mistaka“ í frumuskiptingu líkamans. Ástandið leiðir til fötlunar í bæði vitsmunarlegri getu og líkamlegum vexti¹⁵. Samkvæmt heimasíðunni Íþróttir fyrir fatlaða kemur fram að einstaklingar með Downs hafa lítið þol vegna þess að fötluninni fylgir stundum hjartagalli (op á milli hólfa eða gátta í hjartanu). Sund eykur styrk og því er gott fyrir barn með Downs að fá sundkennslu til þess að auka þol og styrk. Eitt af einkennum barna með Downs er það að liðirnir í líkamanum eru óvenju sveigjanlegir, því er gott að stunda reglulega sund eða vatnsþjálfun til þess að liðirnir verði stöðugri¹⁶.

2.1.5 Þroskahömlun

Á heimasíðunni Íþróttir fyrir fatlaða er þroskahömlun lýst sem greindarskerðingu, sem er greind með greindarprófi. Yfirleitt er átt við skerðingu á vitsmunalegum þáttum, eins og rökhugsun, tungumáli, félagslegum þáttum, hreyfifærni og þá sérstaklega fínhreyfingar. Börn með þroskahömlun hafa alla þá burði sem þarf til að stunda hvaða íþrótt sem er. Það sem skilur á milli barna með þroskahömlun og ófatlaðra barna er að börn með þroskahömlun þurfa meiri tíma til að læra til dæmis nýja tækni eða færni. Líkamlega er munurinn á milli þessara barna hins vegar enginn nema í þeim einstaka tilfellum þar sem fyrirfinnst seinkaður þroski í fínhreyfingum¹⁷. Sund er því tilvalin leið fyrir einstaklinga með þroskahömlun til að efla fínhreyfingar og bæta hreyfifærni.

2.1.6 ADHD

Samkvæmt heimasíðu ADHD samtakanna er athyglisbrestur og ofvirkni taugaþroskaröskun sem yfirleitt kemur fram snemma eða fyrir sjö ára aldurinn. Í daglegu tali er athyglisbrestur og ofvirkni kallað ADHD. Alþjóðlega skammstöfunin ADHD stendur fyrir „Attention Deficit Hyperactivity Disorder” eða athyglisbrest og ofvirkni. ADHD getur haft víðtæk áhrif á daglegt líf einstaklingsins, nám og félagslega aðlögun¹⁸. Fram kemur á heimasíðu ADHD að einstakningar með þessa greiningu eigi mjög erfitt með einbeitingu, og þá sérstaklega að einbeita sér að einhverjum einum hlut. Börn með ADHD eiga oft mjög erfitt uppdráttar félagslega og það sýnir sig oft í árekstrum við bekkjarfélaga sína eða aðra jafnaldra. Rannsóknir hafa sýnt að með þátttöku í íþróttum minnka einkenni ADHD en íþóttaiðkunin gefur einstaklingum með ADHD tækifæri til að losa sig við alla þá aukaorku sem dregur úr óróleika hugans. Ofvirkni og athyglisbrestur er algeng greining hjá einstaklingum með einhverfu og þroskahömlun¹⁹.

2.2 Kostir sunds og vatns

Margir einstaklingar og þá sérstaklega fatlaðir einstaklingar eiga erfitt með að hreyfa sig á þurru landi en svo breytist allt þegar í vatnið er komið. Margar ástæður liggja þar að baki en meðal þeirra er að kraftar myndast þegar einstaklingurinn er kominn út í vatnið, svo sem uppdrifskraftur. Áhrif uppdrifskrafts má lýsa á þann hátt að þegar hlutur er settur í vatn léttist hann jafn mikið og rúmmál vatnsins sem hann ryður frá sér. Uppdrifið veldur því að eðlisþyngd einstaklingsins í vatni er aðeins einn sjötti af þyngd hans á þurru landi. Dæmi um það er að 65 kílóa maður verður ekki nema rúmlega tíu kíló þegar komið er í vatn. Uppdrifið gerir það að verkum að þegar einstaklingur stendur í vatni sem nær upp að öxlum er álagið á liði líkamans minna og af þeim sökum er auðveldara að hreyfa sig og gera þær æfingar sem eru jafnvel erfiðar á þurru landi.

Vatn hefur einnig þann eiginleika að veita mótstöðu og af þeim sökum kemur vatnið í veg fyrir snöggar hreyfingar og snöggt álag. Meiðslahætta er því mjög lítil. Eftir því sem einstaklingur hreyfir sig hraðar í vatninu því meiri verður mótstaðan og með þá vitneskju í huga getum við ráðið álaginu í vatninu²⁰.

2.2.1 Sund

Samkvæmt Íþróttasambandi fatlaðra er þjálfun í vatni ekki nýtilkomin sem þjálfunaraðferð. Þjálfun og meðferð í vatni hefur verið stunduð frá tímum Rómverja og meðal annars notuð til endurhæfingar og til tómsunda¹¹.




Sund á stóran þátt í að efla líkamlega hæfni fólks með fötlun, vöðvafls- hreyfanleika- og hjartavirkni. Líkamleg þjálfun í vatni getur haft mikla þýðingu fyrir einstaklinginn því það er staður þar sem hann getur þróað með sér bætta líkamsvitund og aukið sjálfsöryggi. Flestum börnum líður vel í vatni og hafa gaman að því að leika sér í vatni og læra að synda. Fatlað barn á oft erfitt með að taka þátt í leik á þurru landi, því þar eru gerðar miklar kröfur um líkamlega hæfni. Í vatni eiga þessi börn mun meiri möguleika á aukinni hreyfigetu og andlegri vellíðan. Uppdriftin í vatninu léttir einstaklinginn og því geta fatlaðir hreyft sig án hjálpartækja sem þeir eru annars bundnir á landi, eins og hækjur, stafir og hjólastólar. Sundkennsla og sundþjálfun getur jafnframt aukið áhugann á því að bæta eigin árangur og áræðið bæði í vatni og á landi¹¹. Sundnám fatlaðra er í gundvallaratriðum líkt námi ófatlaðra barna, þá eru sérstök atriði sem þarf að hafa í huga. Íþróttasamband fatlaðra hefur mælst til þess að þeir sem vinna með sundkennslu fatlaðra einstaklinga kynni sér sérstaklega Halliwickaðferðina sem tekur mið af vinnu með fötluðum einstaklingum í vatni¹¹.







2.2.2 Halliwickaðferðin


Tíu-punkta aðferðin eftir James Mcmillan er grundvöllurinn að Halliwickaðferðinni. Eftirfarandi er uppbygging tíu punkta aðferðarinnar:

STIG	HEITI	MYND	ÚTSKÝRING
------	-------	------	-----------

Tafla 1

1 stig	Mental Adjustment		Frelsið til að bregðast við á viðeignadi hátt. Til dæmis við mismunandi umhverfi, aðstæður eða verkefni.
2 stig	Disengage-ment		Ferli þar sem sundmaður verður líkamlega og andlega sjálfstæður.
Stig 3	Transversal Rotation Control		Getan til að hafa stjórn á öllum legu-aðgerðum

<p>Stig 4</p>	<p>Sagittal Rotation Control</p>		<p>Getan til að hafa stjórn á öllum hreyfingum. Til dæmis að fara fram og aftur.</p>
<p>Stig 5</p>	<p>Longitudinal Rotation Control</p>		<p>Getan til að hafa stjórn á öllum snúningum/hreyfingum</p>
<p>Stig 6</p>	<p>Combined Rotation Control</p>		<p>Getan til að stjórna öllum samsetningum af snúningum</p>
<p>Stig 7</p>	<p>Uphrus</p>		<p>Að treysta vatninu mun vera góður stuðningur</p>
<p>Stig 8</p>	<p>Balance in Stillness</p>		<p>Að fljóta um í vatninu og slaka á hjálpar til við andlega og líkamlega stjórnun á jafnvægi. Það að ná góðu jafnvægi hjálpar til við að framkbæma fleiri hreyfingar á auðveldari hátt.</p>
<p>Stig 9</p>	<p>Turbulent Glidin</p>		<p>Kennari flytur einstakling um vatnið á líkalegrar snertingar.</p>

<p>Stig 10</p>	<p>Simple Progression and Basic Swimming Movement</p>		<p>Þróun frá einföldum til flókinna sundtaka sem gerðar eru af sundmanninum</p>
-----------------------	---	--	---

Halliwickaðferðin byggir á lögmálinu um vökvastöðufræði, (sú grein eðlisfræðinnar sem fæst við vökva í kyrrstöðu eða undir þrýstingi) straumfræði og hreyfingarfræði. Um er að ræða heildræna nálgun í að tengja saman þekkingu um vatnið og líkamann, kennslu og lærdóm, hvatningu, áskorun, virkni, leiki og tónlist, hópabjálfun, réttindi fatlaðra og sundkennslu²¹.

Aðferðin er þannig að hver nemandi hefur sinn einka kennara þar til að nemandinn hefur öðlast nægilegt sjálfstæði í vatninu. Kennarinn og nemandinn vinna saman sem hluti af heild. Nemendur kynnast þannig bæði kostum þess að vera í hópi en fá jafnframt þann stuðning sem hlýst af einstaklingskennslu. Engin flotáhöld eru notuð á þeim forsendum að þannig uppgötva nemendurnit sína eigin jafnvægisstöðu í vatninu²¹.

2.3 Aðgengi fatlaðra

Aðgengi er mjög mikilvægt hugtak í umræðunni um réttindi fatlaðra. Merking hugtaksins hefur þróast í gegnum árin frá því að vera eingöngu bundið aðgengi hjólastóla yfir í að vera lykilhugtak yfir það ferli sem felst í því að aðlaga og skipuleggja starfsemi samfélagsins á þann hátt að fatlaðir einstaklingar geti verið þátttakendur að fullu. Þegar talað er um aðgengi er yfirleitt átt við líkamlegt aðgengi og þá möguleika að fatlaður einstaklingur geti ferðast óhindrað hvort sem er til vinnu, skóla, frístunda eða vegna annara athafna⁵. Samkvæmt mannréttindaskrifstofu Íslands er aðgengi að mannvirkjum mikilvægur hluti hvað þetta varðar, þegar verið er að skipuleggja byggingar er mikilvægt að réttur fatlara einstaklinga sé virtur og að fullt tillit sé tekið til sjónarmiða og þarfa þeirra⁵.

2.4 Skóli án aðgreiningar

Skólastefnan *Skóli án aðgreiningar* hefur verið mjög umdeild skólastefna hér á landi. Hún gengur út á það að menntun er sjálfsagður hlutur fyrir alla og að hver og einn nemandi eigi að fá að þroskast og njóta sín í leik og starfi. Öll börn á skólaaldri eiga að geta sótt nám í sínum heimaskóla þar sem þau stunda nám með sínum jafnöldrum, en þurfa ekki að ganga í sérskóla. Hér áður fyrr voru í gildi sérstök lög um nemendur með sérþarfir en þessi stefna varð til þess að nú ganga sömu lög yfir alla nemendur²².

Í reglugerð frá árinu 1996 um sérkennslu kemur fram að nemendur skuli eiga þess kost á að stunda nám í almennum grunnskóla í sínu skólahverfi. Áherslan skal vera lögð á rétt hvers einstaklings til menntunar og að fatlaðir fái jöfn tækifæri og aðrir til menntunar innan almenna skólakerfisins. Ekki skal tala um nemendur með sérþarfir sem ákveðinn hóp sem þarf sérúræði, heldur skal líta á alla nemendur sem einn, mjög fjölbreyttan hóp. Engir tveir nemendur er eins, sumir eru með fötlun og aðrir ekki, sumir eru góðir í leikfimi en aðrir ekki, en allir tilheyra sama hópnum²³.

2.5 Lærði að ganga í sundi

Á meðan vinnslu ritgerðarinnar stóð bárust fréttir af sex ára dreng sem er með þroskahömlun (CP) og flogaveiki og hafði byrjað að ganga í sundi. Rannsakanda þótti saga hans viðeignadi með tilliti til efniviðar ritgerðarinnar og hringdi í Gígju Jónsdóttur þroskaþjálfara, sem hefur verið með drenginn undir sinni handleiðslu í 3 ár ásamt öðrum sjúkraþjálfurum en viðtalið í heildsinni má sjá í viðauka. Gígja sagði að „*drengurinn hafi byrjað fljótlega í sundi í kringum tveggja ára aldur. Til að byrja með var hann ekki að njóta sín í vatninu, en foreldrar drengsins tóku sig til og fóru með hann mikið í sund þar sem hann náði að venjast vatninu og læra að njóta þess.*“

Rannsakandi varð forvitinn að vita hvernig sundtímarnir hefðu veirð uppbyggðir og vildi Gígja meina að „*sundtímarnir vætu svipað uppbyggðir og ungbarnasundsnámskeið. Hún segir að það séu alltaf tveir til þrír sjúkraþjálfarar með sundið.*“

Þar sem rannsakandi vissi fyrirfram að drengurinn hafi lært að ganga í sundi var Gígja spurð um framfarir hjá honum. „*Eftir að drengurinn fór að njóta þess að vera í sundi var mjög gott vinna með honum í vatninu, hann fór að njóta þess að liggja á bakinu og láta sig fljóta um í vatninu. Honum fannst fljótt mjög gaman að fá að standa í lappirnar og það sást aðeins á honum að hann var að uppgötva eitthvað nýtt. Hann fór að geta rölt um með kúta og smá stuðning til að byrja með og var fljótur að styrkjast í að labba í lauginni og það var í raun hægt að sjá mun á honum með hverjum tímanum sem leið. Það var líka greinilegur munur á honum eftir sundtímana því það var eins og jafnvægið hans væri betra eftir að hann kom upp úr lauginni.*“

En hvernig er hægt að sjá að barni með þessa fötlun og sem getur ekki tjáð sig neitt líði vel í vatni? Þessu svaraði Gígja auðveldlega og sagði „*Hann á auðvitað misjafna daga en mér finnst ég alltaf geta áttað mig vel á því í hvernig standi hann er þegar ég legg hann á bakið og læt hann fljóta. Hann slakar yfirleitt vel á og nýtur þess að fljóta um í smá tíma en ef það er einhver ókyrrð í honum þá getur hann alls ekki legið svona Hann tjáir sig nánast ekki neitt nema með brosi eða svipum, en það er þó ekkert meðvitað við erum bara farnar að þekkja svipbrigðin hans.*“

Börn með þroskahömlun eiga ekki gott með fín og grófhreyfingar, en sést munur á drengnum í fín og grófhreyfingum í vatninu samanborið við það þegar hann er ekki í vatni. „*Hann er örlítið mýkri í grófhreyfingum þegar hann er í vatninu. Hann er auðvitað léttari og allar hreyfingar verða auðveldari þannig að hann þarf ekki að hafa eins mikið fyrir því að hreyfa sig.*“ (Viðtalið við Gígju Jónsdóttur þroskaþjálfara var tekið 4. apríl 2011.)

3 Aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar var að komast að því hvort að fötluð börn fái jafn mikla kennslu í skólasundi og önnur börn eða fái hana yfir höfuð (samkvæmt aðalnamsskrá). Þar sem fötluð börn fengu sundkennslu var aðbúnaður kannaður.

3.1 Rannsóknaraðferð

Rannsóknin byggir á meginlegri rannsóknaraðferð þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir. Spurningalisti þátttakendanna og úrvinnsla þeirra tilheyra meginlegri aðferðafræði. Markmiðið með meginlegri rannsóknaraðferð er að finna ákveðið sjónarhorn á veruleikann²⁴.

Settar voru fram rannsóknarspurningar og tilgátur sem rannsakandi hafði um málefnið. Eftir það fór hin meginlega aðferðafræði í gang. Afmarkað viðfangsefni var skoðað, sem í þessu tilfalli var hvort að fötluð börn á grunnskóla aldri fái lögbundna sundkennslu líkt og ófötluð börn.

Meginleg aðferðafræði byggir meðal annars á tölfræði. Notast var við staðlaða spurningarlista sem þátttakendur svöruðu. Spurningalistarnir miðuðu að því að fá niðurstöður um kennslu í skólasundi hjá fötluðum börnum, þekkingu íþróttakennara um kennslu fatlaðra barna og aðbúnað sundstaða þar sem skólasund er kennt.

Meginleg rannsóknaraðferð er rannsókn sem byggir á hlutlægum mælingum, getur verið annaðhvort tilraunasnið eða fylgirannsóknarsnið. Í meginlegum rannsóknum er gögnum safnað frá hópi eða völdu safni sem kallast úrtak. Til eru margar gerðir af úrtaki sem ekki verða taldar upp hér en venjulega auðkenndar með orðum sem lýsa aðferðinni við að velja úrtakið. Úrtakið sem notað er var þessa rannsókn var valið af handahófi.

Notast var við Excel til að vinna úr upplýsingum upp úr spurningalistunum. Skoðuð var dreifing niðurstaðna innan hópsins. Niðurstöðurnar þurfti svo að bera saman við fræðilega þekkingarsviðið. Fræðina að baki fötlunar, aðbúnaður sundstaða til kennslu og þekking íþróttakennara²⁴.

,

3.2 Þýði og úrtak

Þýði rannsóknarinnar eru íþróttakennarar úr skólum víðsvegar um landið að frátöldum skólum sem eru sérstaklega fyrir börn með sérþarfir. Alls voru 40 skólar víðsvegar af landinu settir í pott og 25 skólar dregnir til þátttöku. Úrtakið samanstendur því af þeim 25 skólum sem dregnir voru út. Íþróttakennurum þessara tilteknu skóla voru að lokum sendur spurningalisti eftir að fengist hafði leyfi hjá skólastjórnendum. Tveir skólastjórar leyfðu ekki íþróttakennurum sínum að taka þátt í rannsókninni, en alls svöruðu 9 íþróttakennarar.

Úrtakið var tilviljunarkenn. Internetið var notað til að finna lista yfir alla grunnskóla landsins og 40 skólar voru valdir í pott. Það var ekki endilega skipt jafnt á milli landshluta né höfuðborgarsvæðisins.

3.3 Gagnasöfnun

Í upphafi var byrjað á því að hringja í alla skólastjórnendur í þeim skólum sem tilheyrðu úrtakinu og fengið var leyfi til þess að leggja spurningalista fyrir íþróttakennarana. (sjá viðauki 2) Spurningalistinn innihélt sautján spurningar og var um það bil sex og hálf blaðsíða. Spurningalistinn var svo lagður fyrir á tímabilinu 24. febrúar – 17. mars. Spurningaslistinn innihélt fjölpættar spurningar sem fjölluðu um þekkingu, aðbúnað og fatlanir af ýmsu tagi. Öllum spurningum átti að svara með því að setja X í reitina við það svar sem íþróttakennarar töldu réttast. Tvær spurningar snéru að þeim fjölda barna sem búa við tiltekna skerðingar. Einnig var hægt að velja „annað“ þar sem íþróttakennurum gafst kostur á því að koma með annað svar en það sem í boði var. Fyrstu spurningar listans voru hefðbundnar þar sem spurt er um kyn, menntun og starfsaldur en það var gert í þeim tilgangi að opna spurningalistann. Spurningar fjögur til sautján eru síðan aðeins fræðilegri og tengjast efninu beint. Spurningalistinn var frumsaminn af rannsakanda þar sem hann studdist við þær rannsóknarspurningar sem hann hafði sett sér og kynntar voru í upphafi ritgerðarinnar.

Heimildarleit er talin gríðarlega mikilvægur þáttur þegar hafist er handa við rannsóknir og við gerð ritgerðarinnar var unnið með margar heimildir. Eitthvað var um munnlegar heimildir sem rannsakandi aflaði sér. Rannsakandi safnaði líka að sér munnlegum heimildum efnið en þó í minna mæli.

Aðrar heimildir voru úr bókum, vísindasöfnum eins og pubmed og öðrum íslenskum heimasíðum þar sem fjallað er um fatlanir. Heimildir og heilmildarskrá var unnið í Endnote.

3.4 Úrvinnsla

Eftir að hafa fengið svörin við spurningunum í hendur var byrjað á því að kóða allar spurningarnar og setja þær inn í excel. Takmarkaðru fjöldi svara barst, en unnið var úr þeim svörum sem bárust til baka.


Svörin við spurningalistanum voru sett upp í Excel og þar var unnið úr þeim. Gröfin sem sýnd eru í ritgerðinni voru einnig unnin í Excel. Gögnin eru sett fram á myndrænan hátt með köku- og súluritum til að útskýra betur niðurstöðurnar.

4.0 Niðurstöður

Hér munu niðurstöður verða kynntar fyrir lesendum og þær bornar saman við efni ritgerðarinnar, þátttaka nemenda, aðbúnaður og þekking íþróttakennara á sundkennslu fatlaðra barna. Að síðustu er að finna umræður á efni ritgerðarinnar og hugleiðingum um hvernig megi halda áfram að rannsaka þetta efni.


4.1 Persónuupplýsingar

Eins og sjá má á mynd 1 þá eru langflestir íþróttakennarar sem svöruðu spurningalistanum karlkyns eða 78% á móti 22% kvennkyns.




Mynd 1 sýnir kynjahlutfall þátttakenda

Mynd 2 sýnir hvernig menntun þátttakenda skiptist. Af níu þátttakendum eru fimm þeirra menntaðir íþróttakennarar, tveir sem íþróttáfræðingur og einn sem almennur kennari með íþróttir sem sérfag. Einn svaraði ekki þessum lið í spurningalistanum.



Mynd 2 sýnir menntun þeirra íþróttakennara sem tóku þátt.


Eins og sjá má við mynd 3 þá skiptist starfsaldurinn frekar jafnt á milli svarenda. Þrír hafa starfað við sundkennslu í 0 - 5 ár, þrír í 6 - 10 ár, þrír íþróttakennarar sögðust hafa verið lengur en tóku ekki fram hvað lengi. Enginn íþróttakennari hafði kennt í 11-15 ár. Því má sjá að rannsóknin náði bæði til nýútskrifaðra kennara og þeirra sem hafa meiri reynslu.



Mynd 3 sýnir starfsaldur íþróttakennaranna.


4.2 Börn og fatlanir

Mynd 4 sýnir að allir skólarnir sem tóku þátt í rannsókninni hafa börn í kennslu sem eru fötluð að einhverju leiti.




Mynd 4 sýnir þá skóla þar sem fötluð börn stunda nám

Þegar skoðuð voru svörin við spurningu fimm má sjá á myndinni hér fyrir neðan að 35 börn eru greind með ADHD, þrjú með þroskahömlun, fjögur með heyrnaskerðingu, eitt barn með downs eða aðra litningagalla, eitt barn með CP, fimm með hreyfihömlun, sextán með einhverfu og að lokum var eitt barn með blindu eða sjónskerðingu. Ekki var um aðrar fatlanir að ræða í þessum skólum sem tóku þátt í rannsókninni.




Mynd 5 sýnir hverskonar fötlun börnin eru með í þessum skólum sem tók þátt

78% íþróttakennaranna töldu að fötluð börn fái lögbundna sundkennslu en 22% töldu þau ekki fá lögbundna sundkennslu



Mynd 5 sýnir okkur hvort að fötluð börn fái lögbundna sundkennslu.


Þegar mynd 7 er skoðuð kemur í ljós að einhver barnanna í þeim skólum sem tóku þátt fá ekki lögbundna sundkennslu 1x í viku. Um er að ræða 30 börn greind með ADHD, tvö börn með þroskahömlun, tvö börn með heyrnaskerðingu, tvö börn með hreyfihömlun og fjögur börn með einhverfu. Ekki komu aðrar fatlanir fram þar sem börn fá ekki sundkennslu.



Mynd 6 sýnir fötlun þeirra barna sem ekki fá sundkennslu 1 x í viku.


4.3 Þekking og aðstaða

Við mynd 8 má sjá að 43% íþróttakennaranna sýna að þekking þeirra til þess að kenna fötluðu barni sund er í meðallagi. 43% sögðu þekkinguna vera mjög góða – góða. Enginn sagði hana slæma en 14 % sagði hana mjög slæma.



Mynd 7 sýnir þekkingu íþróttakennara til sundkennslu fatlaðra barna

44% íþróttakennara töldu að aðstaða til sundkennslu fatlaðs barns vera mjög góða – góða. 45% vildi meina að aðstaðan væri í meðallagi enginn sagði hana slæma. 11% sögðu hana vera mjög slæma. Samkvæmt myndinni þá má segja að 89% aðspurðra töldu aðstöðuna vera í ásættanlegu ástandi



Mynd 8 sýnir aðstöðu til sundkennslu fatlaðrabarna

4.4 Stuðningur

Mynd 10 sýnir að 56% íþróttakennara fannst skólastjórnendur sýna mikinn stuðning hvað varðaði sérkennslu fatlaðs einstaklings í sundi. 22% sögðu stuðninginn vera í meðallagi og 11% sögðu hann mjög lítinn. Einnig sögðu 11% að skólastjórnendur sýndu mjög mikinn stuðning hvað sérkennsluna varðar. Enginn íþróttakennari sagði að skólastjórnendur sýndu lítinn stuðning. Samkvæmt myndinni má sjá að 89% töldu að börn með sérþarfir fái meðal til mjög mikinn stuðning frá skólastjórnendum.



Mynd 9 sýnir stuðning skólastjórnenda á skólasundi fatlaðra barna


4.5 Kennsluaðferðir og árangur

Meiri hluti íþróttakennaranna eða 56% voru sammála um að best sé að kenna fötluðum börnum með einnka- eða sérkennslu. 22% sögðu að það væri best að hafa bæði fötluð og ófötluð saman í kennslu og 22% sögðu annað en gerðu ekki frekari grein fyrir því.




Mynd 10 sýnir hvernig íþróttakennarar telji að best sé að kenna fötluðu barni skólasund

Fjórir íþróttakennarar töldu að samfelld námskeið í skólasundi myndi skila fötluðu barni sem mestan árangur, til dæmis var tekið 6-8 vikna námskeið. Fimm kennarar sögðu að sundkennsla tvisvar í viku eða oftár myndi skila fötluðu barni árangri. Enginn kennaranna sagði að eitt skipti í viku eða sjaldnar myndi skila fötluðu barni árangri í skólasundi.




Mynd 11 sýnir hvort að íþróttakennarar telji að fötluð börn geti náð árangri með skólasundi

Það kom í ljós að íþróttakennarar eru ekki á sama máli um áhrif þess að fatlað barn sé í sundkennslu með ófötluðum börnum. Fimm íþróttakennarar sögðu „bæði og“ og getur það skýrst af aðstöðu og fötlun einstaklingsins og svo framvegis. Þrjár íþróttakennarar sögðu að það hafi mjög mikil - mikil áhrif að hafa fatlað barn í sundkennslu með heilum bekk af ófötluðum börnum. Enginn sagði lítil áhrif og einn sagði mjög lítil áhrif á kennsluna.



Mynd 12 sýnir hvort að það hafi áhrif á hin börnin ef að fatlað barn er með í almennri sundkennslu


Eins og kemur fram á mynd 14 þá hafa fimm íþróttakennarar stuðning með sér þegar sundkennsla fatlaðs barns á sér stað. Þrír kennarar svöruðu í „annað“ á þeirri forsendu að þeir hafa einkatíma fyrir sum fötluð börn og fara þá ofan í sundlaugina með þeim. Hjá einum íþróttakennaranum var svarið ógilt.



Mynd 13 sýnir hvort að íþróttakennri hafi stuðning með sér við kennslu hjá fötluðu barni í skólasundi

4.6 Bakgrunnur


Bakgrunnur þeirra íþróttakennara sem kenna fötluðum börnum skólasund er mismunandi en hjá fimm kennurum af níu var bakgrunnur þeirra hvað varðar sundkennslu fatlaðra barna námsleið eða áfangi í kennaranámi þeirra. Þrír íþróttakennarar hafa sótt sér námskeið til að auka þekkingu sína og tveir hafa lesið sér til um efnið. Einn íþróttakennari sagðist ekki hafa neina þekkingu á þessu sviði. Tveir kennarar bættu við „annað“ liðnum en tóku ekki fram hvað það væri.



Mynd 14 sýnir bakgrunn íþróttakennara hvað sundkennslu fatlaðra barna varðar


4.7 Námsefni eða námskeið

78% þátttakenda í rannsókninni sögðu að þeir myndu nýta sér námsefni til að auka við þekkingu sína á sundkennslu fatlaðra barna. 22% þeirra svaraði að þeir myndu hugsanlega gera það en enginn íþróttakennari sagði nei.



Mynd 15. sýnir hvort að íþróttakennarar myndu nýta sér námsefni til að bæta þekkingu sína á sundkennslu fatlaðra barna

Eins og sjá má á mynd 17 myndu 67% íþróttakennara nýta sér námskeið til að efla þekkingu sína á sundkennslu fatlaðra barna. 33% sögðust hugsanlega nýta sér þann kost en enginn kennari sagði nei. Því má álykta það að íþróttakennarar hafa áhuga á að hafa betri þekkingu á þessu sviði til að geta sinnt öllum nemendum skólans.



Mynd 16 sýnir hvort að íþróttakennarar myndu nýta sér námskeið til að bæta þekkingu sína á sundkennslu fatlaðra barna

5.0 Umræður

Svörunin var heldur slakari en vonast var eftir en aðeins níu íþróttakennarar af tuttugu og fimm svöruðu spurningalistanum eða um þriðjungur þátttakanda. Ástæða bakvið lélega svörun er líklega sú að íþróttakennurunum þótti erfitt að svara spurningunum þar sem málið þykir viðkvæmt. Rannsakanda þykir, í kjölfar lélegrar þátttöku, ennþá mikilvægara að umræðu um málefni sundkennslu fatlaðra barna verði ýtt upp á yfirborðið og rædd á opinberum vettvangi.

Þegar niðurstöðurnar voru fullunnar kom ýmislegt í ljós, þar á meðal að 78% íþróttakennara töldu að fötluð börn fengju lögbundna sundkennslu í sínum skóla en 22% töldu svo ekki vera og getur það stafað til dæmis af aðstöðuleysi. Í framhaldinu af því kom í ljós að það voru börn með ADHD sem ekki fengu lögbundna sundkennslu í flestum tilvikanna. Ástæða þess er ekki vituð en börn sem eingöngu eru greind með ADHD hafa enga líkamlega fötlun og því ætti ekkert að koma í veg fyrir sundkennslu. Mögulegt væri að nýta Halliwick aðferðina þar sem hver nemandi með sérþarfir er með einn kennara. Þar af leiðandi nýtur nemandi bæði stuðnings sem einstaklingskennsla gefur, auk hópstuðningsins og félagsskaparins sem felst í hópþjálfun. Eins og komið hefur fram sýna rannsóknir að íþróttaiðkun minnkar einkenni ADHD og í sundi losar einstaklingur sig við þá aukaorku sem dregur úr óróleika hugans sem einkennir þessa einstaklinga.

43% íþróttakennara töldu þekkingu sína til kennslu fatlaðra barna í sundi mjög góða eða góða. 43% þeirra töldu þekkingu sína aðeins í meðallagi og 14% sögðu hana vera mjög slæma. Þegar það kemur að kennslu barna er mikilvægt að kennari viti hvernig eigi að bera sig að og það á ekki síður við þegar kemur að því að kenna fötluðum börnum. Mikilvægt er að kennari kunni sitt fag og efli þekkingu sína. 44% íþróttakennara töldu aðstöðu til sundkennslu fatlaðra barna mjög góða eða góða. Hins vegar töldu 45% hana einungis í meðallagi. Fatlaðir einstaklingar eiga að geta ferðast um óhindrað og aðgengi þeirra að mannvirkjum, til dæmis íþróttahúsum og skólum, er mikilvægur hluti hvað þetta varðar. Allar byggingar ættu að vera með aðgengi fyrir alla þegna þjóðfélagsins og tillit ætti að vera tekið til þarfa fatlaðra einstaklinga. 67% þátttakenda í rannsókninni töldu að stjórnendur skólanna sem þeir starfa hjá sýni fullan stuðning þegar kemur að sundkennslu fatlaðra barna. 22% þeirra töldu stuðninginn vera í meðallagi og 11% töldu hann vera mjög lítinn. Í raun var tilgátu minni hafnað með þessari niðurstöðu því samkvæmt hennir eru 89% sundkennaranna sem telja að þeir fái meðal til mjög mikinn stuðning frá skólastjórnendum sínum. Þar sem íþróttakennsla og þar með talin

sundkennsla er lögbundin hér á landi og er í aðalnámsskrá grunnskóla ætti ekki að vera til mótbyr hvað þetta málefni varðar.

Til að kenna fötluðu barni skólasund töldu íþróttakennararnir að best væri að kenna þeim með einkatíma eða í sérkennslu. Tveir kennarar vildu hafa blandaða hópa í kennslu hjá sér það er að segja hafa fötluð og ófötluð börn saman í hóp. Engin ein leið er rétt í þessum efnum og verður hver kennari að finna þá leið sem hann telur réttasta en með hag barnanna í leiðarljósi. Einnig kom í ljós að íþróttakennararnir töldu að besta leiðin til að ná árangri hjá fötluðum börnum í skólasundi væri með einu samfelldu námskeiði, til dæmis að börnin færu í skólasund einu sinni á dag í sex til átta vikur. Sú hugmynd hefur sitt gildi en mikilvægt er, þegar ákvörðun er tekin um íþróttakennslu fatlaðs barns, að taka mið af fötlun barnsins. Það er til dæmis mikil dagamunur á börnum með þroskahömlun og einhverfu, einnig eru börn með ADHD misjöfn eftir dögum. Kennararnir voru þó sammála um það að sundkennsla einu sinni í viku eða sjaldnar myndi skila minnsta árangrinum. Flest allir kennararnir sögðust hafa með sér stuðning í sundkennslunni þegar fatlað barn var viðstatt kennslu. Einstaklingur með einhverfu eða sem á erfitt með að einbeita sér í hóp getur notið góðs af því að hafa stuðning með sér, þar sem auðveldara er að ná augnsambandi við hann og koma skilaboðunum til skila. Bakgrunnur íþróttakennaranna var í flestum tilvikum námskeið eða áfangi í kennaranámi þeirra en fimm af níu íþróttakennurum hafði sótt námskeið eða lesið sér til, til að afla sér betri þekkingar á kennslu fatlaðra barna. Einn íþróttakennari sagðist ekki hafa neina þekkingu á þessu sviði en er samt sem áður að kenna fötluðu barni skólasund. Í hvers hlut fellur þá ábyrgðin? Liggur ábyrgðin hjá kennaranum sjálfum að afla sér betri þekkingar eða er það í hlut skólastjórnenda að krefjast þess að íþróttakennarar hafi eða afli sér nauðsynlegrar þekkingar til að geta kennt og náð árangri með fötluðu barni í íþróttum og skólasundi. 78% íþróttakennaranna sögðust vilja nýta sér námsefni til að auka þekkingu sína á sundkennslu fatlaðra barna og 67% sögðust vilja sitja námskeið til að auka þessa þekkingu. 22% sögðust hugsanlega nýta sér þann möguleika að fá námsefni til að auka þekkingu sína á sundkennslu fatlaðra barna en 33% sögðust hugsanlega vilja sitja námskeið til að auka við þekkingu sína. Enginn þátttakandanna svaraði þessum tveimur þáttum neitandi.

Efni þessarar ritgerðar hefur ekki áður verið rannsakað sem sérviðfangefni og fundust því engar heimildir sem tengdust efninu beint.

6.0 Lokaorð

Hér lýkur umfjöllun minni um skólasund fatlaðra barna. Umfjöllunin byggir á rannsókn sem ég lagði fyrir tilviljunarkennt úrtak íþróttakennara í grunnskólum landsins.

Fötluð börn eiga rétt á sundkennslu rétt eins og önnur börn eins og kom fram í upphafi ritgerðarinnar. Til að tryggja þennan rétt þarf að leggja aukna áherslu á hvernig haga skuli íþróttakennslu fatlaðra barna í námi íþróttakennara. Sund er almennt séð mjög góð hreyfing og góð kennsluáferð fyrir öll börn, sérstaklega börn með líkamlegar fatlanir. Sundkennsla snýst hins vegar ekki bara um að læra að synda heldur hefur hún einnig reynst vel til að efla hreyfigetu, fínhreyfingar og samhæfingu barna.

Við gerð þessarar rannsóknar varð mér ljóst að málefni fatlaðra barna er afar viðkvæmt umræðuefni innan skólakerfisins. Umræðan um fötluð börn í hinu almenna skólakerfi er tiltölulega nýtilkomin hér á landi en hefur farið vaxandi undanfarin ár. Allir almennir grunnskólar hér á landi aðhyllast stefnunni um Skóla án aðgreiningar en eins og áður hefur komið fram felur hún í sér að öll börn eiga að hafa kost á því að sækja sinn heimaskóla ásamt jafnöldrum. Þrátt fyrir þetta eru enn skólar hér á landi sem geta ekki boðið fötluðum nemendum sínum upp á sundkennslu en það brýtur í bága við lög, sem og almenna skólastefnu. Engir tveir einstaklingar eru eins, mannkynið er mjög sundurleitur hópur og hver einstaklingur hefur sína sérstöðu. Hvað þetta varðar er fólk með fötlun engin undantekning. Það er mikilvægt að þeir sem starfa með fötluðu fólki hafi þetta ávallt að leiðarljósi. Hver einstaklingur hefur sínar þarfir, óskir og langanir. Þrátt fyrir þetta eiga allir einstaklingar það sameiginlegt að vera jafnir fyrir lögum og mannréttindum. Ég er á þeirri skoðun að ekki eigi að aðgreina fatlaða og ófatlaða í tvo hópa, heldur eigi allir að geta gengið í sama skólann, þó að sum börn þurfi meiri aðstoð en önnur þarf bara að mæta þeirra þörfum með einstaklingsmiðuðum úrræðum. Við erum öll fyrsta flokks og gerð til að vera flokkuð eftir líkamlegri getu okkar.

Áhugavert væri að gera frekari rannsóknir á stöðu fatlaðra barna í skólasundi og jafnvel bera saman landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið, spyrja mætti þá jafnvel fötluðu börnin sjálf um þeirra upplýfun á skólasundi. Áhugavert væri að spyrja nánar út í þá þætti sem hafa áhrif á það hvort fötluð börn fái sundkennslu á annað borð. Efnið bíður uppá frekari rannsóknir og áhugavert væri að skoða stöðuna á sama tíma á næsta ári á sama úrtaki og skoða hvort eitthvað breytist milli ára. Vankanntar rannsóknarinnar er sennilega þeir að úrtakið minna en vonast var eftir og í raun og lítið þannig að hæft sé að draga af því ályktanir á landsvísu.

Til þess að svara rannsóknarspurningunni verður að segjast að möguleikar fatlaðra barna til sundkennslu eru miklir þar sem, samkvæmt þessari rannsókn er ághuginn, þjónustan og þekkingin yfirleitt fyrir hendi. Aðgengi fatlaðra bara til sundkennslu er almennt séð mjög góð og þekking sundkennara er að mestu til fyrirmyndar, einnig þar sem sundkennarar voru tilbúnir til að sækja sér námskeið eða námsefni til að bæta þekkingu sína ef það væri í boði.

Þær tilgátur sem settar voru fram í byrjun voru tvær, önnur þeirra var felld en hin fær að hluta til stuðning út frá þessari rannsókn. Það var ekki í öllum skólunum þar sem fötluð börn fá sundkennslu og eins og komið var inn á í umræðunum þá á að vera hægt að mæta þörfum hvers og eins og viljinn er fyrir hendi. Sú tilgáta sem var felld var sú að aðstæður til sundkennslu fatlaðra barna séu ekki fullnægjandi. En samkvæmt þessari ritgerð þá eru aðstæður til sundkennslu fatlaðra barna er almennt séð mjög góð.

7.0 Heimildaskrá

1. Vize A. Swim for Life - Teaching Swimming to Students with Physical Disabilities. 2009. <http://www.brighthub.com/education/special/articles/26089.aspx>. Sótt þann 27. mars.
2. Lýðheilsustöð. Sund. 2004; <http://www.lydheilsustod.is/fraedsla/fraedsluefni/arveknislysavarnir-barna/Undirflokkur/sund/>. Sótt þann 26. Nóvember, 2010.
3. Rannveig Traustadóttir. Fötlunarfræði: nýjar íslenskar rannsóknir. 2003:17 - 47.
4. Velferðarráðuneyti. Samningur um réttindi fatlaðs fólks 2009.
5. Mannréttindaskrifstofa Íslands. Réttindi fatlaðra. e.d.; <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/fatladir/>. Sótt þann 7. apríl, 2011.
6. Rannveig Traustadóttir. *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan; 2006.
7. Umsjónarfélag einhverfra. Hvað er einhverfa? 2011; <http://www.einhverfa.is/?id=2&expand=2>. Sótt þann 17. mars, 2011.
8. Therese Weber. Teaching Autistic Children to Swim. e.d; <http://www.altst.org/articles/0003.htm>. Sótt þann 21. Apríl, 2011.
9. Insightful writers. Informed readers. Can Autistic Kids Learn to Swim? 2006; <http://www.suite101.com/content/can-autistic-kids-learn-to-swim--a4193>. Sótt þann 17. mars, 2001.
10. Íþróttir fyrir fatlaða. Klofinn hryggur. e.d.; <http://www.grafiksense.net/sport/thjalfarar/fatlanir/?id=klofinn>. Sótt þann 19. mars, 2011.
11. Íþróttafélag fatlaðra. Námsefni fyrir leiðbeinendur. e.d.; <http://www.ifsport.is/>. Sótt þann 17. mars, 2011.
12. Source CP. Facts About Cerebral Palsy. e.d.; http://www.cerebralpalsysource.com/About_CP/facts_cp/index.html. Sótt þann 26. mars, 2011.
13. Félag CP á Íslandi. Hvað er CP? e.d; <http://www.cp.is/page/27534/>. Sótt þann 17. mars, 2011.
14. Children's Hemiplegia & Stroke Association. Swimming and hemiplegia. e.d; <http://www.chasa.org/swimming.htm>. Sótt þann 17. mars, 2011.

15. Medical news today. What is Down syndrome. 2009;
<http://www.medicalnewstoday.com/articles/145554.php>. Sótt þann 26. Mars, 2011.
16. Íþróttir fyrir fatlaða. Downs heilkenni. e.d;
<http://www.grafiksense.net/sport/thjalfarar/fatlanir/?id=downs>. Sótt þann 19 mars, 2011.
17. Íþróttir fyrir fatlaða. Þroskahömlun. e.d.;;
<http://www.grafiksense.net/sport/thjalfarar/fatlanir/?id=throskahomlun>. Sótt þann 19. mars, 2011.
18. ADHD samtökin. Hvað er ADHD. e.d.;;
http://www.adhd.is/default.asp?sid_id=26357&tre_rod=004|&tId=1. Sótt þann 31. Mars, 2011.
19. Íþróttir fyrir fatlaða. ADHD. e.d;
<http://www.grafiksense.net/sport/thjalfarar/fatlanir/?id=adhd>. Sótt þann 19.mars, 2011.
20. Auðunn Eiríksson. Sund er hollt. *Heilsuhringurinn*. 1993.
21. UK HAoSTit. The Halliwick concept. 2002;
<http://www.halliwick.org.uk/html/concept.htm>. Sótt þann 17. mars, 2011.
22. Birna Sigurjónsdóttir GEB. Skóli án aðgreiningar og einstaklingsmiðað nám *Fræðslumiðstöð Reykjavíkur*. 2005.
23. Dr. Gerður G. Óskarsdóttir. Skóli án aðgreiningar. 2004;
<http://ft.ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=1467>. Sótt þann 27. mars, 2011.
24. Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. 1. útgáfa ed. Akureyri: Háskólinn á Akureyri; 2003.

8.0 Viðaukar

8.1 Viðauki 1 - Viðtal

Viðtal við Gígju Jónsdóttur Þroskaþjálfara um 6 ára dreng með þroskahömlun (CP) sem lærði að ganga með þjálfun í vatni.

Hvenar byrjaði drengurinn að fara í sund?

„Hann byrjaði á leikskólanum Klömbrum um tveggja ára aldur (veturinn 2007) og byrjaði þá fljótlega í sundi. Hann er í sjúkraþjálfun tvisvar sinnum í viku. Við förum með hann niðrá styrkjarfélag lamaðra og fatlaðra einu sinni í viku og sjúkraþjálfarinn þar kemur til okkar einu sinni í viku, síðan förum við með hann í sund einu sinni í viku. Hann var ekki að njóta sín í sundinu fyrsta veturinn. Hann grét mikið og gat ekki slappað af. Hann var í frú frá sundæfingum yfir sumarið en mamma hans var þá mjög dugleg að fara með hann í sund og virðist hann hafa vanist því þá og lært að njóta þess að vera í vatninu. Hann byrjaði aftur á sundæfingum eftir sumarið og þá var hann virkilega að njóta þess að vera í sundi og gat nýtt sér tímana vel“.

Hvernig eru sundtímarnir hans byggðir upp?

„Sundtímarnir hans eru settir upp eins og ungbarnasund, þ.e. það eru gerðar sömu æfingar og eru gerðar á ungbarnasundnámskeiðum. Nema að þau börn sem eru farin að botna í grunna endanum á lauginni fá handakúta og tækifæri til að reyna að röltu um í lauginni. Það eru alltaf tveir til þrír sjúkraþjálfarar með sundið og síðan er alltaf einn einstaklingur með hverju barni“.

Hvaða framfarir hefur þú séð á drengnum í sundi? (En vitað var að hann hafi lært að ganga þar)

„Eftir að drengurinn fór að njóta þess að vera í sundi var mjög gott vinna með honum í sundinu, hann fór að njóta þess að liggja á bakinu og láta sig fljóta um í vatninu. Honum fannst fljótt mjög gaman að fá að standa í lappirnar í sundinu og það sást aðeins á honum að hann var að uppgötva eitthvað nýtt. Hann fór að geta rölt um með kúta og smá stuðning til að byrja með og var fljótur að styrkjast í að labba í lauginni og það var í raun hægt að sjá mun á honum með hverjum tímanum sem leið. Það var líka greinilegur munur á honum eftir sundtímana því það var eins og jafnvægið hans væri betra eftir að hann kom upp úr lauginni.“

Ég held það hafi líka verið mjög gott fyrir hann að sjúkraþjálfarinn hans kom alltaf í lok dags á fimmtudögum en þeir eru sunndagar og þá var alltaf hægt að nýta vel það góða form sem hann var í eftir sundið. Þegar við áttuðum okkur á breytingunni sem var á honum eftir sundið fórum við líka að nýta okkur það og vorum við mjög duglegar að láta hanna labba um allan daginn og hafði hann mjög gaman af því. Hann tók síðan fyrstu skrefin sín alveg sjálfur 10. október 2008“.

Hvernig er hægt að sjá að barni með þessa fötlun og sem getur ekki tjáð sig neitt líði vel í vatni?

„Já ég sé á honum að honum líður vel í sundinu. Hann á auðvitað misjafna daga en mér finnst ég alltaf geta áttað mig líka vel á því í hvernig standi hann er þegar ég legg hann á bakið og læt hann fljóta. Hann slakar yfirleitt vel á og nýtur þess að fljóta um í smá tíma en ef það er einhver ókyrrð í honum þá getur hann alls ekki legið svona. Suma daga þá er hann líka mjög linur og þá er mjög erfitt að láta hann standa sjálfan í lauginni en við erum líka alveg búnar að átta okkur á því að ef hann finnur fyrir okkur þá treystir hann á okkur þannig að við erum farnar að vera svoldið harðar við hann og sleppa honum bara þá finnur hann yfirleitt jafnvægið fljótt. Undanfarnir mánuðir hafa verið frekar erfiðir fyrir hann og þá hefur hann ekki verið að njóta þess eins vel að vera í sundinu en þegar hann var uppá sitt besta þá hló hann og brosti út að eyrum þegar hann var kominn úti laugina. Hann er duglegur að fara í kaf og var t.d. alltaf fljótur að brosa þegar hann kom upp úr kafi. Hann tjáir sig nánast ekki neitt nema með brosi eða svipum, en það er þó ekkert meðvitað við erum bara farnar að þekkja svipbrigðin hans“.

Börn með þroskahömlun eiga ekki gott með fín og grófhreyfingar, en sést munur á drengnum í fín og grófhreyfingum í vatninu samanborið við það þegar hann er ekki í vatni?

„Hann er örlítið mýkri í grófhreyfingum þegar hann er í sundinu. Hann er auðvitað léttari og allar hreyfingar verða auðveldari þannig að hann þarf ekki að hafa eins mikið fyrir því að hreyfa sig. Það er frekar erfitt að útskýra hvernig hann er þegar hann er ekki í vatni eða muninn á honum því hann er mjög misjafn. Suma daga er hann frekar stífur og virkar þá mjög stirður í hreyfingum en aðra daga er hann allur mjög linur og á þá erfitt með að standa í lappirnar og halda sér uppi“

8.2 Viðauki 2 – Bréf til íþróttakennara

Ágæti Íþróttakennari

Ég Arna Lind Arnórsdóttir B.Ed nemi í Íþróttá-, og Heilsufræði við Háskóla Íslands á Laugarvatni, er að vinna að lokaverkefni, þar sem ég er að kanna aðbúnað og kennslu fatlaðra barna í skólasundi á grunnskólastigi.

Leiðbeinandi minn er Hafþór B. Guðmundsson Lektor.

Yfirmenn skólans þíns hafa veitt leyfi fyrir þátttöku skólans í rannsókninni og með þessu bréfi óska ég eftir þínu samþykki um þátttöku. Með þessari rannsókn vil ég kanna hvernig sundkennsla og aðbúnaði til sundkennslu fatlaðra barna er háttað í þeim skóla sem þú starfar við. Er hann ásættanlegur/fullnægjandi eða ekki? Hér á landi er lögbundin sundkennsla fyrir öll grunnskólabörn, fötluð sem ófötluð.

Ekki verður unnið með persónuupplýsingar í þessari rannsókn og verður ekki hægt að rekja upplýsingar til einstaklinga eða skóla á nokkurn hátt. Þagmælsku og fullum trúnaði er heitið.

Það tekur þig ca 10 mín að svara þessum spurningalista og mig langar að biðja þig um að svara honum samviskusamlega og senda mér eins fljótt og auðið er til baka á netfangið mitt arnalind@simnet.is.

Ég yrði afar þakklát fyrir þátttöku þína í þessu lokaverkefni mínu

Bestu þakkir og kær kveðja

Arna Lind Arnórsdóttir.

8.3 Viðauki 3 – Spurningalistinn

Verkefni þetta er lokaverkefni í B.Ed námi mínu í Íþróttá- og heilsufræði við

Háskóla Íslands Laugarvatni.

Vinsamlegast fyllið í þá reiti sem við á.

1. Kyn?

- KK
- KVK

2. Menntun?

- Íþróttakennari
- Íþróttáfræðingur
- Almennur kennari með íþróttir sem sérþag
- Annað _____

3. Hversu lengi hefur þú starfað við sundkennslu?

- 0-5 ár
- 6-10 ár
- 11-15 ár
- Lengur

4. Stundar barn með einhverja greinda fötlun nám í þínum skóla?

- Já
- Nei

5. Ef já, hvernig fötlun/fatlanir er um að ræða?

(Vinsamlegast skráið fjölda barna í reitina við þá fötlun sem við á)

- ___ Blinda/sjónskerðing
- ___ Einhverfa
- ___ Hreyfihömlun
- ___ Vansköpun
- ___ Aflimun
- ___ Klofinn hryggur
- ___ CP
- ___ Lömun
- ___ Downs heilkenni eða aðra litningargalla
- ___ Heyrnarskerðing
- ___ Geðræn fötlun
- ___ Þroskahömlun
- ___ ADHD

6. Telur þú að fötluð börn fái lögbundna sundkennslu í þínum skóla?

- Já
- Nei

7. Ef NEI, við hvaða fötlun glímir það barn /börn sem ekki fær sundkennslu 1x í viku? *(Vinsamlegast skráið fjölda barna í reitina við þá fötlun sem við á)*

- ___ Blinda/sjónskerðing
- ___ Einhverfa
- ___ Hreyfihömlun
- ___ Vansköpun
- ___ Aflimun
- ___ Klofinn hryggur
- ___ CP
- ___ Lömun
- ___ Downs heilkenni eða aðra litningargalla
- ___ Heyrnarskerðing
- ___ Geðræn fötlun
- ___ Þroskahömlun
- ___ ADHD

8. Hvernig telur þú þekkingu þína vera þegar kemur að kennslu fatlaðra barna í sundi.

- Mjög góða
- Góða
- Í meðallagi
- Slæma
- Mjög slæma

9. Að þínu mati, hversu góð aðstaða er til sundkennslu fyrir fötluð börn í þínum skóla?

- Mjög góð
- Góð
- Í meðallagi
- Slæm
- Mjög slæm

10. Hversu mikinn stuðning telur þú skólastjórnendur sýna, sérkennslu fyrir fatlaða einstaklinga til sundkennslu?

- Mjög mikinn
- Mikinn
- Í meðallagi
- Lítilinn
- Mjög lítinn

11. Hvernig telur þú að best sé að kenna börnum með fötlun/sérþarfir?

- Í hóp
- Með sínum bekk
- Blandað af báðu
- Sérkennsla/einnkakennsla
- Annað _____

12. Að þínu mati, hvernig telur þú að fötuð börn geti náð árangri í sundi? Með því að

fá kennslu:

- Sjaldnar en 1x í viku
- 1x í viku
- 2x í viku
- Oftar en 2x í viku
- Samfelld námskeið (*t.d. á hverjum virkum degi í 6-8 vikur*)

13. Telur þú að kennsla fatlaðs einstaklings í hópi, geti haft áhrif á kennslu hinna

barnanna?

- Mjög mikil
- Mikil
- Bæði og
- Lítil
- Mjög lítil

14. Þegar/ef fatlaður einstaklingur er í sundtíma hjá þér, ertu þá ein/einn að kenna?

- Já, ég er ein/einn
- Nei, ég hef stuðning með mér
- Annað _____

15. Hver er bakgrunnur þinn, með tilliti til menntunar, þegar kemur að

sundkennslu fatlaðra barna

- Ég hef sótt námskeið
- Ég hef lesið mér til um efnið
- Námsleið eða áfangi í kennaranámi mínu
- Hef ekki þekkingu á þessu sviði
- Annað

16. Ef boðið yrði uppá námsefni fyrir kennara til að auka þekkingu þeirra á sundkennslu fatlaðra barna, myndir þú nýta þér það?

- Já
- Nei
- Hugsanlega

17. Ef boðið yrði uppá námskeið fyrir kennara til að auka þekkingu þeirra á sundkennslu fatlaðra barna, myndir þú nýta þér það?

- Já
- Nei
- Hugsanlega

Takk fyrir hjálpina. ☺